




Auglýsing um skipulagsmál - Skagafjörður

Tillaga að deiliskipulagi – Ljónsstaðir

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 15. fundi sínum þann 28. júní 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Ljónsstaði úr landi Dúks í Skagafirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 7. júní 2023 og er unnin af teiknistofunni Storð fyrir hönd landeigenda.

Skipulagssvæðið er 5 ha að stærð í landi Ljónsstaða, landnúmer L230903. Í skipulaginu eru skilgreindar vegtengingar og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, skemmu og tvö frístundahús.



Tillagan er auglýst frá 5. júlí til og með 16. ágúst 2023. Tillagan

mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is. Hér eftir verður einnig hægt að skoða skipulagsmál í Skagafirði á nýrri skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is. Þar er jafnframt hægt að senda inn athugasemdir og ábendingar meðan á kynningartíma stendur. Hægt er að leita eftir málnúmer fyrir Ljónsstaði (294/2023).

Athugasemdir og ábendingar varðandi skipulagstillöguna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is í síðasta lagi 16. ágúst 2023.